

REGLUGERÐ

um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1988—1989.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvarendi magn af slátri og gærum, eða 174 lítrar af mjólk.

Ærgildi er talin vetrarfóðruð sauðkind. Ærgildi í nautgripum reiknast þannig: kýr 20 ærgildi, kelfd kvíga 12, vetrungur 8 og kálfur 4 ærgildi.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur veggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytisins skv. jarðalögum nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn mjólkur og sauðfjárafurða, sem framleiðendum er ábyrgt fullt verð fyrir á grundvelli búvörusamnings skv. a-lið 30. gr. 1. nr. 46/1985.

Fullvirðismark er samanlagður fullvirðisréttur allra framleiðenda á búmarkssvæði til framleiðslu mjólkur eða sauðfjárafurða, reiknaður sem hlutfall af samanlögðu búmarki svæðisins í viðkomandi búgrein.

II. KAFLI

Um búmark.

2. gr.

Búmark það, sem í gildi var við stjórn á framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða samkvæmt búmarksskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, við gildistöku þessarar reglugerðar heldur gildi sínu, þó þannig að:

- a. Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands, að þrengja búmark á félagsbúum, ef aðilum að félagsbúi hefur fækkað frá árinu 1979. Skerðing þessi má að hámarki nema því, að hver aðili að félagsbúi hafi 600 ærgilda búmark í mjólk eða 450 ærgildi í sauðfjárafurðum, en 660 eða 500 ærgildi, ef aðeins einn aðili er eftir, enda hafi þeir eða hann meirihluta tekna sinna af búinu miðað við næstliðið almanaksár. Sama gildir um búmark á lögbýli, sem fengið hefur úrskurð um búmark til félagsbús eða fleirbýlis eftir 1979, ef einhver aðili, sem átti hlut að því búmarki, er hættur búrekstri eða hefur flutt lögheimili sitt af lögbýlinu og aðilum búsins þannig fækkað. Við útreikning skerðingar búmarks á blönduðum búum, skal miða við hlutfallið á milli ofangreindra ærgildistalna fyrir mjólk og sauðfé.

- b. Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands, að kalla inn búmark þeirra lögbýla, þar sem nautgripir og/eða sauðfé hefur ekki verið skráð á forðagæsluskýrslu á árabílinu 1982—1987, að báðum árum meðtöldum, nema um sé að ræða leigu á búmarkinu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sbr. reglugerðir nr. 370/1985 og 406/1986.
- c. kalla skal inn búmark framleiðanda sem býr ekki á lögbýli, um leið og hann hættir búvöruframleiðslu í viðkomandi grein. Framleiðandi utan lögbýlis getur ekki ráðstafað búmarki sínu, hvorki með bústofni sínum eða á annan hátt.
- d. niður skal fella búmark sem selt hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Helming þess búmarks sem selt er vegna búháttabreytinga skal fella út úr heildarbúmarki hlutaðeigandi búmarkssvæðis.

3. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki hlutaðeigandi búnaðarsambands, að stækka búmark á lögbýlum hjá aðilum, sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða:

- a. Þurfa að mati byggingarfulltrúa og héraðsráðunautar að endurbyggja hús vegna búrekstrar, þ.e. gripahús, áburðarhús og hlöður. Auka má þá búmark þannig að búmark viðkomandi býlis verði allt að 660 ærgildi í mjólk eða 500 ærgildi í sauðfjárafurðum, ef um einstakling er að ræða, en 10% færri ærgildi á hvern aðila að félagsbúi, sem hefur meirihluta tekna sinna af búrekstrinum.
- b. Um sé að ræða ætliðaskipti á viðkomandi jörð (tímabundið félagsbú). Auka má þá búmark um allt að 350 ærgildi fyrir hvern aðila sem í bú sest við ætliðaskipti. Aukning þessi skal að hámarki veitt til 5 ára í senn.
- c. Um sé að ræða frumbýlinga, þ.e. þá er hafa hafið búskap eftir 1. jan. 1986. Heimilt er að ákveða býlinu allt að 660 ærgildi í mjólk eða 500 ærgildi í sauðfjárafurðum, ef um einstakling er að ræða.
- d. Um sé að ræða stofnun félagsbús. Auka má búmark þannig, að búmark býlisins fyrir hvern aðila að félagsbúinu verði allt að 600 ærgildi í mjólk eða 450 ærgildi í sauðfjárafurðum.

Einungis er heimilt að ráðstafa því búmarki, sem til fellur á hverju búmarkssvæði skv. a-, b- og c-liðum 2. gr., b-lið 3. gr. og 4. gr.

4. gr.

Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins, að fengnu samþykki viðkomandi búnaðarsambands, að úthluta framleiðanda sem búmark hefur, auknu búmarki, sé það til ráðstöfunar í hlutaðeigandi búgrein skv. síðari mgr. 3. gr.

Úthlutunina má binda því skilyrði að fallið sé frá jafnmörgum ærgildum í annarri búgrein, sem háð er búmarki.

5. gr.

Umsókn um nýtt eða aukið búmark skal senda viðkomandi búnaðarsambandi. Búnaðarsamband gerir tillögu um afgreiðslu og sendir til Framleiðsluráðs landbúnaðarins ásamt upplýsingum héraðsráðunautar um fyrirhugaðan búrekstur. Ef um nýjan framleiðanda er að ræða, skal héraðsráðunautur staðfesta upplýsingar um starfsmenntun og/eða reynslu umsækjanda í þeirri búgrein eða þeim búgreinum, sem hann hyggst stunda.

6. gr.

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggja samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Tilkynning um ráðstöfun þessa, studd skriflegu samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla, skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. júní 1989.

Heimilt er búmarkssvæðum að skipta á búmarki því sem til ráðstöfunar kann að vera skv. síðari mgr. 3. gr. til mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar, enda liggja fyrir því samþykki aðalfunda hlutaðeigandi búnaðarsambanda. Um ráðstöfun þessa búmarks fer eftir ákvæðum 3. og 4. gr.

7. gr.

Búmarki skal skipt eftir svæðum, sem eru þessi:

- | | |
|-----|-------|
| Nr. | svæði |
|-----|-------|
1. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Grindavík, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.
 2. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes.
 3. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
 4. Mýrasýsla og Borgarnes.
 5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvík og Stykkishólmur.
 6. Dalasýsla.
 - 7.–10. Búmarkssvæði Búnaðarsambands Vestfjarða:
Austur- og Vestur-Barðastrandasýsla,
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
 11. Strandasýsla.
 12. Vestur-Húnavatnssýsla.
 13. Austur-Húnavatnssýsla.
 14. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
 15. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður og Suður-Pingeyjarsýsla vestan Ljósavatnshrepps.
 16. Aðrir hreppar í Suður-Pingeyjarsýslu og Húsavík.
 17. Norður-Pingeyjarsýsla.
 18. Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar.
 19. Norður-Múlasýsla að öðru leyti, Seyðisfjörður, hreppar í Suður-Múlasýslu á Héraði, ásamt Helgustaða-, Reyðarfjarðar-, Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppum, Eskifirði og Egilsstaðabæ.
 20. Norðfjörður, Neskaupstaður og Mjóifjörður.
 21. Stöðvar-, Breiddals-, Berunes-, Búlands- og Geithellnahreppar.
 22. Austur-Skaftafellssýsla.
 23. Vestur-Skaftafellssýsla.
 24. Rangárvallasýsla.
 25. Árnessýsla og Selfoss.

8. gr.

Þar sem hluti búmarkssvæðis fellur innan félagssvæðis annars búnaðarsambands skulu viðkomandi búnaðarsambönd fjalla sameiginlega um málefni framleiðenda á þeim hluta búmarkssvæðisins.

9. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur skrá um búmark. Það lætur búnaðarsamböndun- um árlega í té búmarksskrá fyrir starfssvæði þeirra, ásamt sérstakri skrá yfir breytingar, sem orðið hafa á búmarki þar undangengið ár, og skrá um samanlagt búmark í hverri búgrein á einstökum búmarkssvæðum landsins.

10. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til búmarks vegna framleiðslu nautakjöts sem sett var á grundvelli laga nr. 95/1981, sbr. l. nr. 46/1985.

III. KAFLI

Fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1988—1989.

11. gr.

Heildarfullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu á verðlagsárinu 1988—1989 telst vera það magn mjólkur sem um hefur verið samið fyrir verðlagsárið skv. búvörusamningi dags. 20. mars 1987.

12. gr.

Hverjum mjólkurframleiðanda skal reiknaður sami fullvirðisréttur til mjólkurfram- leiðslu á verðlagsárinu 1988—1989 og honum var ákveðinn fyrir verðlagsárið 1987—1988 með reglugerð nr. 291/1987 og rg. nr. 59/1988, sbr. þó 13. gr. þessarar reglugerðar.

13. gr.

Aukningu heildarfullvirðisréttar á verðlagsárinu 1988-1989 samkvæmt búvörusamningi – einni milljón lítra – skal ráðstafað þannig:

1. 300.000 l skal skipt á milli búmarkssvæða í hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1986/1987. Með hliðstæðum hætti skal hlut hvers búmarkssvæðis skipt á milli mjólkurframleiðenda þar.
2. 156.000 l skal ráðstafað til búmarkssvæða nr. 1—5, 13—16 og 22—25 skv. sérstöku samkomulagi aðila búvörusamnings, frá 25. sept. 1987 og reglum 3. tl. þessarar málsgreinar um skiptingu á milli framleiðenda.
3. 114.000 l skal ráðstafað til búmarkssvæða nr. 1—4, 15, 16, 24 og 25. Skal magni þessu skipt á milli búmarkssvæðanna í réttu hlutfalli við þann fullvirðisrétt, er þau létu af hendi skv. 3. tl. a-liðar 3. gr. rg. nr. 443/1987. Búnaðarsambandi er heimilt að skipta þeim fullvirðisrétti sem þannig kemur í hlut þess, öllum eða hluta hans, fyrir fullvirðisrétt til sauðfjárræktar sem síðan verði úthlutað til sauðfjárframleiðenda. Engum þeirra má þó úthluta meiri fullvirðisrétti til sauðfjárræktar en sem nemur 0,4% af þeim fullvirðisrétti til sauðfjárræktar sem hann hefur fyrir. Þeim fullvirðisrétti, sem ekki er ráðstafað skv. ofansögðu, skal skipt á milli mjólkurframleiðenda á búmarks- svæðum í hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra til mjólkurframleiðslu á verðlagsárinu 1987/ 1988.
4. 300.000 l skal ráðstafað til búmarkssvæða, þar sem einstakir framleiðendur hafa selt eða leigt Framleiðnisjóði landbúnaðarins fullvirðisrétt jarða sinna á verðlagsárunum 1986/ 87 og 1987/88. Hlýtur hvert búmarkssvæði fullvirðisrétt í hlutfalli við hinn selda/leigða fullvirðisrétt. Leigður fullvirðisréttur skal þó ekki talinn með, hafi framleiðandi jafnframt fengið stuðning til búháttabreytinga úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Einhliða sala fullvirðisréttar skal vega tvöfalt á við leigu og sölu, hafi framleiðandi jafnframt hlotið styrk til búháttabreytinga. 130.000 l skal ráðstafað til búmarkssvæða,

sem hafa leigt eða selt Framleiðnisjóði landbúnaðarins meiri fullvirðisrétt en nemur hlutfalli þeirra í 3 millj. l. mjólkur, sbr. b-lið 12. gr. búvörusamnings, dags. 21. sept. 1986. Skal hinn seldi/leigði fullvirðisréttur reiknaður eftir sömu reglum og í 1. mgr. þessa töluliðar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins setur nánari reglur um úthlutun samkv. þessum lið.

Skal þar m.a. heimilt að veita eftirtöldum hópum framleiðenda forgang:

- a. sem þurfa tímabundna rýmkun fullvirðisréttar vegna ætliðaskipta á lögbýlum.
- b. sem skipta vilja á fullvirðisrétti til sauðfjárræktar og til mjólkurframleiðslu.
- c. sem hafa lágt fullvirðismark miðað við aðra bændur á búmarkssvæðinu.
- d. sem hafa ónýtta framleiðslumöguleika miðað við byggingar og ræktun á ábýlisjörðum sínum.

Fullvirðisrétti skv. þessum tölulið skal haldið sérgreindum í fullvirðisréttarskrá. Skoðast hann sem sameiginlegur hlutur hvers búmarkssvæðis, er ekki skapar einstökum lögbýlum rétt nema til verðlagsársins 1988–1989.

Óheimilt er án samþykkis Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að nýta fullvirðisrétt skv. þessum tölulið með öðrum hætti en innleggi mjólkur í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli á verðlagsárinu 1988–1989.

5. Fullvirðisrétti til mjólkurframleiðslu, sem til fellur á búmarkssvæði í kjölfar skipta á milli mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar skal ráðstafað skv. staflíðum 4. töluliðar þessarar greinar.

14. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd verkefni þau sem því eru falin með reglugerð þessari.

Framleiðsluráð ákveður fresti til umsókna og til afgreiðslu þeirra. Skal umsóknarfrestur eigi vera skemmri en 3 vikur og hann auglýstur með tryggilegum hætti.

15. gr.

Mjólkurframleiðanda er heimilt, með samkomulagi við hlutaðeigandi afurðastöð, að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1989—1990 jafngildi allt að 5% af fullvirðisrétti skv. 12. og 13. gr. með innleggi á verðlagsárinu 1988–1989. Í samkomulagi þessu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða, sbr. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 46/1985.

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 12. og 13. gr., greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt, allt að 10% hans. Þó er landbúnaðarráðherra heimilt, með hliðsjón af markaðsaðstæðum á einstökum búmarkssvæðum, að undanskilja við greiðslu af hálfu ríkissjóðs allt að 5 prósentustig hins ónýtta fullvirðisréttar, og geymist sá hluti þá framleiðanda til næsta verðlagsárs. Ákvörðun þess efnis skal liggja fyrir eigi síðar en 15. júní 1989. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um ígildi þess mjólkurmagns sem úthlutað var skv. 1. tl. 5. gr. rg. nr. 37/1986 og 13. gr. rg. nr. 339/1986. Þeim rétti skal Búnaðarsamband Vestfjarða úthluta framleiðendum í Ísafjarðarsýslum og skal sá fullvirðisréttur hvorki framseljanlegur né leiguhæfur. Sá hluti þess fullvirðisréttar, sem kann að vera ónýttur á einstökum lögbýlum í lok verðlagsársins, verði nýttur við ársuppgjör á framangreindum búmarkssvæðum eftir ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar.

Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar í grundvallarverði mjólkur 1. júní 1989. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Með sama hætti getur mjólkurframleiðandi óskað eftir slíkri greiðslu fyrir herra hlutfall ónýtt fullvirðisréttar, enda berist Framleiðsluráði landbúnaðarins umsókn um það fyrir 1. júní 1989. Aldrei verður þó greitt fyrir ónotaðan rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

Nýti mjólkurframleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn með framleiðslu og innleggi á verðlagsárinu 1988—1989 eða með reglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal hinn ónýtti réttur koma til viðbótar fullvirðisrétti einstakra framleiðenda við uppgjör framleiðslu verðlagsársins á viðkomandi búmarkssvæði, í þessari röð:

- a. til framleiðenda á svæðinu, skipt hlutfallslega á milli þeirra, allt að búmarki þeirra í greininni. Þeir framleiðendur sitji fyrir þessari viðbót sem hafa fullvirðisrétt minni en 80% af búmarki.
- b. til annarra búmarkssvæða, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, og skal þeim rétti skipt skv. a-lið þessarar greinar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur samkvæmt 12. gr. Það heldur skrá um fullvirðisrétt, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

17. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar tölulega útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn og tilkynna hann framleiðanda innan 30 daga frá því erindi berst henni. Með saman hætti skal nefnd þessi úrskurða um ágreining, sem rísa kann vegna framkvæmdar á ákvæðum 2. — 7. gr. þessarar reglugerðar.

18. gr.

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti fyrir verðlagsárið 1988—1989 til annars framleiðanda eða leggja afurðir inn í afurðastöð á annars nafni án skriflegs samþykkis viðkomandi búnaðarsambands og eiganda viðkomandi lögbýlis, sbr. 6. gr. og 4. tl. 13. gr. Slík ráðstöfun fullvirðisréttar er því aðeins heimil að ekki sé um skammtíma-ráðstöfun að ræða. Rétt er búnaðarsambandi að samþykkja því aðeins slíka ráðstöfun, að um sérstakar aðstæður sé að ræða, svo sem óumflýjanlegar breytingar búreksturs á hlutaðeigandi býli. Óheimilt er búnaðarsambandi að samþykkja tilfærslu fullvirðisréttar, leiði hún til þess að fullvirðisréttur viðtakanda verði meiri en nemur búmarki lögbýlis hans til mjólkurframleiðslu.

Við ábuendaskipti á lögbýlum skal framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi verðlagsári. Reiknast hún skv. því búmarki og þeim

fullvirðisrétti, sem viðkomandi lögbýli hefur og skiptist á milli þeirra í hlutfalli sem notað hefur verið, þegar ábúendaskipti fara fram.

Framleiðanda er óheimilt, án samþykkis hlutaðeigandi búnaðarsambands, að selja eða leigja þann fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu sem hann hefur hlotið á grundvelli 14. gr. rg. nr. 339/1986 og 14. gr. rg. nr. 291/1987.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46. 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46. 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júní 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 443 25. september 1987 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988-1989.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr., greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt, allt að 10% hans. Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar í grundvallarverði sauðfjárafurða 1. september 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Með sama hætti getur framleiðandi óskað eftir slíkri greiðslu fyrir herra hlutfall ónýtts fullvirðisréttar. Þó verður ekki greitt fyrir ónotað-an rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti og tilsvarende búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggja samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Tilkynning um ráðstöfun þessa, studd skriflegu samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla, skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. júní 1989.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júní 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.